



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 4. janúar 2019  
SFS2018090038  
151. fundur  
HG/img

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga um breytt rekstrarform leikskólans Sunnufoldar***

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að starfseining leikskólans Sunnufoldar, Funi við Funafold 42, verði skilin frá leikskólanum og að í kjölfarið verði Funi stækkaður svo hann megi verða sex deilda leikskóli. Starfseiningar leikskólans Sunnufoldar, Frosti við Frostafold 33 og Logi við Logafold 18, verði áfram reknir saman sem fimm deilda leikskóli. Við hvorn leikskólann starfi leikskólustjóri. Leikskólarnir njóti stuðnings fagskrifstofu og mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs í breytingarferlinu út árið 2019, í það minnsta.

**Greinargerð:**

Tillagan byggir á niðurstöðum starfshóps um rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar sem lögð var fyrir 148. fund skóla- og frístundaráðs þann 27. nóvember 2018, ásamt umsögn foreldraráðs og foreldrafélags dagsett 10. desember 2018 og umsögn starfsfólks dagsett 17. desember 2018.



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Umsagnir vegna tillögu um breytingar á rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar*

Á 142. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 21. ágúst 2018 var samþykkt svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði breytingar á rekstrarformi leikskólans Sunnufoldar með það að markmiði að minnka stjórnunarumfang leikskólans. Settur verði á stofn starfshópur með þátttöku stjórnenda leikskólans, starfsfólks og foreldra þar sem lagt verði mat á mismunandi leiðir, þ.m.t. um að færa starfsemina í tvær starfsstöðvar, mögulega stækkun starfseininga og aðrar skipulagsbreytingar sem til greina koma. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs kalli eftir viðhorfum hagsmunaaðila til framsettra kosta og leggi fram tillögur ásamt kostnaðarmati eigi síðar en 15. október 2018.

Starfshópurinn fékk frest til 15. nóvember 2018 og skilaði niðurstöðum sem lagðar voru fyrir 148. fund skóla- og frístundaráðs, 27. nóvember 2018. Þar lagði starfshópurinn fram svohljóðandi tillögu:

Hópurinn leggur til að starfseiningin Funi við Funafold 42 verði skilin frá leikskólanum Sunnufold og jafnframt að farið verði í það verkefni að stækka Funa svo hann megi verða sex deilda leikskóli. Frosti við Frostafold 33 og Logi við Logafold 18 verði áfram reknir saman sem fimm deilda leikskóli. Ráðnir verði tveir leikskólastjórar sem myndu stýra sitthvorum leikskólanum.

Tillaga starfshópsins var afgreidd með svohljóðandi málsmeðferðartillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu starfshóps um rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar til umsagnar foreldraráðs og foreldrafélags leikskólans. Tillagan verði jafnframt kynnt fyrir starfsmönnum leikskólans og þeim gefinn kostur á að leggja fram umsögn um hana.

Umsögn dagsett 10. desember 2018 barst frá foreldraráði og foreldrafélagi leikskólans og önnur dagsett 17. desember 2018 frá starfsfólki.

Í umsögnunum kemur almennt fram jákvætt viðhorf til tillögunar en meðal þess sem fram kemur í umsögn foreldra er eftirfarandi:

Foreldraráð og foreldrafélög Sunnufoldar hafa samþykkt tillöguna samhljóða og talið er afar mikilvægt að skipta leikskólanum í smærri einingar. Afar brýnt er að draga úr stjórnunarumfangi og að leikskólastjóri geti nýtt krafta sína í að styðja sitt starfsfólk enn frekar. Þessi tillaga er talin valda minnstu raski fyrir börn, starfsfólk og foreldra en einnig er það kostur að tillagan gæti gengið fljótlega í gegn þar sem álag hefur verið mikið á alla sem að starfi leikskólans koma.

Í umsögn starfsfólks kemur fram að það sér styrkleika í tillögunni í því t.d. að starfsfólk þurfi ekki að fara á milli húsa og að leikskólastjóri sé til staðar í starfseiningunni. Starfsfólk sér einnig tækifæri í uppbyggingu við Funa s.s. að byggja upp 6 deildir á einum stað með bættri aðstöðu og meiri möguleikum á samstarfi starfsfólks á milli deilda. Í umsögninni koma einnig fram ábendingar um huga þurfi að aðstöðu barna og starfsfólks á uppbyggingartímanum í Funa og að tryggja þurfi að nægilegt leikrými verði fyrir börnin utandyra. Starfsfólk bendir á að breytingar geti haft neikvæð áhrif á fólk þótt þessi breyting verði trúlega auðveldari en þegar skólarnir voru sameinaðir. Að lokum bendir starfsfólk á þann vanda að erfitt geti verið að fá nýtt fólk til starfa og að breytingunni fylgi óvissa um hverjir muni verða stjórnendur í leikskólunum tveimur.

Reykjavík  
10. desember 2018

## Umsögn foreldraráðs og foreldrafélaga Sunnufoldar um tillögu til breytts rekstrarumhverfis leikskólans

Fram kemur í bréfi Helga Grímssonar, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, sem barst leikskólanum Sunnufold að óskað sé eftir umsögn foreldraráðs og foreldrafélaga Sunnufoldar um niðurstöður starfshóps um breytt rekstrarumhverfi Sunnufoldar.

Skýrsla starfshóps um rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar var höfð til hliðsjónar við mat á þeirri tillögu sem starfshópurinn lagði fram, en eins og fram kom í þeirri skýrslu leggur hópurinn upp með þá tillögu að Frosti og Logi verði reknir saman en Funi stækkaður og rekinn sem sjálfstæð eining. Ráðnir yrðu inn tveir leikskólastjórar.

Foreldraráð og foreldrafélög Sunnufoldar hafa samþykkt tillöguna samhljóða og er talið afar mikilvægt að skipta leikskólanum upp í smærri einingar. Afar brýnt er að draga úr stjórnunarumfangi og að leikskólastjóri geti nýtt krafta sína í að styðja sitt starfsfólk enn frekar. Þessi tillaga er talin valda minnstu raski fyrir börn, starfsfólk og foreldra en einnig er það kostur að tillagan gæti gengið fljótlega í gegn þar sem álag hefur verið mikið á alla sem að starfi leikskólans koma.

Þykir svo mikilvægt að benda á að miklir verðleikar gætu legið í því að halda þó áfram nánu samstarfi milli leikskólanna þó þeir væru reknir í sitthvoru lagi en þannig mætti nýta það sem vel gengur til þess að gera leikskólana enn betri.

Með von um að tillagan nái fram að ganga og að rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar verði betra fyrir alla,

Foreldraráð Sunnufoldar

Foreldrafélag Frosta, Sunnufold

Foreldrafélag Loga, Sunnufold

Foreldrafélag Funa, Sunnufold

f.h. höpsing  
Frosta á Mars.

## Sunnufold 17.12.2018

Umsagnir frá starfsfólki Sunnufoldar vegna tillögu starfshóps sem lagt hefur fram tillögu um að Logi og Frosti starfi áfram saman en Funi verði sér leikskóli. Umsagnir starfsfólks eru almennt jákvæðar en niðurstöður eru settar hér fram í punktaformi út frá greiningu sem við gerðum með þeim hætti að haldnir voru fundir í öllum starfsstöðvum, þannig að allir gætu komið með sín sjónarmið. Fundarastjórar voru Ingibjörg Ósk sérkennslustjóri, Elín Erna sérkennslustjóri Fanný leikskólastjóri. Við höldum niðurstöðum Funa aðskildum því sú starfsstöð hefur sérstöðu ef af tillögu starfshópsins verður.

### Niðurstöður frá fundi með starfsfólki Funa.

#### Styrkleikar:

- Starfsfólk þarf ekki að fara á milli húsa.
- Stjóri í húsi, þar sem hjartað slær.
- Gæti verið meiri samvinna á milli Frosta og Loga þar sem er styttra á milli.
- Betra að hafa 6 deildir á einum stað en 7 deildir í þremur húsum, einnig betra að hafa 5 deildir í tveim húsum sem er stutt á milli.
- Spennandi að taka þátt í uppbyggingu í nýju húsi.
- Fleiri börn og fleiri starfsmenn auðvelda samstarf og samvinnu um leiðir og þróun í starfi.
- Auðveldara að fá aðstoð og afleysingu á milli deilda í húsi.
- Betra eldhús, aðstaða og félagsskapur í stærra eldhúsi.

#### Veikleikar:

- Breytingar hafa oft neikvæð áhrif á fólk en verður trúlega auðveldara nú en í sameiningunni.
- Hvernig verður aðstaða barna og starfsfólks á meðan á framkvæmdum stendur í nýbyggingu. Er hægt að hafa fulla starfsemi á meðan?
- Óvissa með stjórnendur, hvað verður?

#### Ógnanir:

- Erfitt að fá nýtt starfsfólk.
- Of mörg börn í garðinum.
- Hvernig og hvenær framkvæmdir fara fram með tilliti til starfsins sem er í húsinu.
- Óvissa með hverjir verði stjórar.

#### Tækifæri:

- Í Funa betri starfsmanna aðstaða og aðbúnaður.
- Hljóðeinangra betur í Funa.
- Starfsfólk fái tækifæri til að taka þátt í að vera með í skipulagningu/hönnun á nýju húsi og að garðurinn verði aðlagður að nýjum aðstæðum.
- Að byggja upp nýjan leikskóla og stefnur með starfsfólki í sama húsi.
- Með nýju fólki, nýr andi og fjölbreytileiki.

**Niðurstöður frá fundi með starfsfólki Loga og Frosta.** Niðurstöðurnar settar hér saman þar sem breytingartillaga er sambærileg í þeim starfsstöðvum.

**Styrkleikar:**

- Bara jákvætt.
- Jákvætt að sjá stjórnanda oft.
- Minna flækjustig fyrir stjórnanda.
- Gæti verið meiri samvinna á milli Frosta og Loga þar sem er styttra á milli.
- Stjórnendur nær. Meiri aðgangur að stjórnanda.
- Einfaldara starfsmannahald.
- Eykur stöðugleika starfsfólks.
- Auðveldara að koma upplýsingum til starfsfólks.
- Auðveldara að spegla sig við aðra starfsstöð en ekki tvær aðrar.
- Minni tími fer í ferðir á milli starfsstöðva.
- Auðveldara að samnýta námsgöng t.d. sérkennslugögn.
- Bætt aðgengi foreldra að stjórnanda.
- Gott að báðar starfsstöðvar hafa samstarf við Foldaskóla sem hverfissskóla.

**Veikleikar:**

- Breytingum fylgja alltaf óvissa.

**Ógnanir:**

- Breytingar valda óvissu.
- Óvissa með starfsmannaveltu ef nýr stjórnandi kemur.
- Óvissa með hverjir verði stjórnar.
- Vitum ekki hvaða stjórnanda við fáum.

**Tækifæri:**

- Auðveldara að sameinast um nýjungar og þróunarverkefni í tveimur einungum.
- Öll elstu börnin í sama grunnskólahverfi gefur tækifæri.
- Geta orðið sterkari skólar með styrkari stjórnun.
- Samstarf milli tveggja starfsstöðva getur orðið sterkara, styttra á milli.
- Hægt að hafa áfram samstarf við Funa.
- Aukin tengsl milli fólks þar sem fækkar í hópnum.

Annað: Einn deildarstjóri vildi koma því á framfæri að með sameiningunni hefði hún öðlast aukinn styrk og sjálfstæði. Hún telur að hún takist nú á við krefjandi verkefni af meira öryggi.

Virðingarfyllst Fanný Heimisdóttir leikskólalastjóri

*Fanný Heimisdóttir*  
Leikskólinn  
Sunnufold

Reykjavík, 16. nóvember 2018  
SFS2018090083  
148. fundur  
HG/img

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Niðurstöður starfshóps um rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar*

Á 142. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 21. ágúst 2018 var samþykkt svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði breytingar á rekstrarformi leikskólans Sunnufoldar með það að markmiði að minnka stjórnunarumfang leikskólans. Settur verði á stofn starfshópur með þátttöku stjórnenda leikskólans, starfsfólks og foreldra þar sem lagt verði mat á mismunandi leiðir, þ.m.t. um að færa starfsemina í tvær starfsstöðvar, mögulega stækkun starfseininga og aðrar skipulagsbreytingar sem til greina koma. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs kalli eftir viðhorfum hagsmunaaðila til framsettra kosta og leggi fram tillögur ásamt kostnaðarmati eigi síðar en 15. október 2018.

Starfshópin skipuðu;

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, formaður hóps.

Fanný Heimisdóttir leikskólastjóri Sunnufoldar.

Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi.

Melkorka Kjartansdóttir, fulltrúi stjórnenda í Sunnufold.

Sigrún Jónsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks.

Ragnheiður Eiríksdóttir, fulltrúi foreldra.

Helgi Þór Guðmundsson, fulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs.

Ásdís Olga Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi og starfsmaður hópsins.

Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að skoða mögulegar leiðir til breytinga á rekstrarformi leikskólans Sunnufoldar með það að markmiði að minnka stjórnunarumfang leikskólans.

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Draga fram mismunandi sviðsmyndir að mögulega breyttu rekstrarformi leikskólans sem vinni að því að minnka stjórnunarumfang.

- Leggja mat á kosti og galla fram kominna sviðsmynda og áhrifa þeirra á gæði leikskólastarfsins.
- Kalla eftir viðhorfum hagsmunaaðila til framsettra kosta.
- Leggja fram tillögu um breytingar á rekstrarformi leikskólans ásamt kostnaðarmati og greinagerð um störf hópsins þar sem fram koma þeir valkostir sem hópurinn skoðaði.
- Annað sem hópnunum finnst mikilvægt að skoða og leggja fram.

Starfshópurinn fór af stað í september og hefur haldið sex fundi þar sem áhersla hefur verið á að setja fram mögulegar leiðir í verkefnum og leggja mat á kosti þeirra og galla. Til að gera það á sem trúverðugastan hátt hefur hópurinn kallað eftir upplýsingum, mati og útfærslum á hugsanlegum leiðum frá öðrum sviðum borgarinnar.

Óskað var eftir fresti til skóla- og frístundaráðs, á skilum hópsins til 16. nóvember í þeim tilgangi að ná að vinna sem best úr þeim gögnum sem kallað var eftir. Frestur var veittur.

### **Tillaga starfshópsins**

Sameiginleg niðurstaða hópsins er að brýnt sé að minnka stjórnunarumfang leikskólans Sunnufoldar hratt en með sem minnstu raski fyrir alla hagsmunaaðila. Hópurinn var sammála um að leggja fram eina tillögu sem þótti best og valda minnstu raski fyrir alla hagsmunaaðila.

**Hópurinn leggur til að starfseiningin Funi við Funafold 42 verði skilin frá leikskólanum Sunnufold og jafnframt að farið verði í það verkefni að stækka Funa svo hann megi verða sex deilda leikskóli. Frosti við Frostafold 33 og Logi við Logafold 18 verði áfram reknir saman sem fimm deilda leikskóli. Ráðnir verði tveir leikskólastjórar sem myndu stýra sitthvorum leikskólanum.**

Í þessari tillögu felst að í Foldahverfi starfi tveir leikskólar undir stjórn tveggja leikskólastjóra. Stjórnunarumfang leikskólans Sunnufoldar minnkar sem nemur einni starfsstöð og eftir standa tvær einingar þ.e. Frosti og Logi með að hámarki 104 börn á fimm deildum .

Funi verður stakur leikskóli. Í dag er einingin jaðarskóli sem tekur á móti börnum úr öllum hverfum úr Grafarvogi og úr Bryggjuhverfinu. Funi er í dag tveggja deilda og þar geta að hámarki verið 49 börn en nú eru þar 40 börn og af þeim búa 30 í öðrum hlutum Grafarvogs og Bryggjuhverfinu. Því má gera ráð fyrir fjölgun barna í Funa á næstu árum þar til leikskóli rís í Bryggjuhverfinu. Einnig má gera ráð fyrir börnum úr nýju hverfi í Gufunesi og Spöng þar sem ekki er gert ráð fyrir leikskóla samhliða þeirri uppbyggingu. Mikilvægt er að horfa til þess að Funi er á leið foreldra sem eiga leið um Gullinbrú og hentar því mörgum í Grafarvogi.

Það yrði hlutverk leikskólastjóra í Funa, samhliða því að styrkja faglegt umhverfi barna og starfsmanna með því að vera leiðandi í því góða starfi sem þar er, að stýra leikskólanum í breytingarferli og opna nýja viðbyggingu sem byði upp á gott vinnuumhverfi allra hagsmunaaðila leikskólans.

Viðbótarkostnaður við tillöguna er um 10 milljónir á ári.